

Alþingi
Erindi nr. P 143/246
komudagur 18.11.2013



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. nóvember 2013
Tilvísun: 2013110004/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsógn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra. 143. löggjafarþing 2013–2014. Þingskjal 99 — 96. mál.

Orkustofnun vísar til erindis Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra. Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreindrar þingsályktunartillögu og mun hér á eftir fara nokkrum orðum um efnisþætti tillögunnar.

Greinargerðin með þingsályktunartillögunni er ítarleg og segir flest, sem segja þarf. Hér skal þó bent á að það er samspil raka, hitastigs og næringar sem skapar kjöraðstæður fyrir spírur og grósku myglusveppa. Einnig mætti leggja meiri áherslu á að vandamálið er ekki einskorðað við íbúðarhúsnæði heldur er fólk einnig hættu búin á vinnustöðum vegna þessa.

Aukin tíðni mygluskemmda og aukin áhrif þeirra á heilsu manna á síðustu árum og áatugum hefur ekki verið að fullu útskýrð þótt þekking manna inna þessa málaflokks hafi aukist. Því hefur verið haldið fram að einn þáttur í þessari þróun sé aukin áhersla á orkusparnað og að með bættri tækni við þéttingu húsa hafi loftskipti minnkað og þar með rakastig innilofts að vetrarlagi. Við þetta bætist að þegar kröfum um útpornun byggingarefna eins og steypu á byggingarstigi er ekki sinnt getur húsnæði sem nýlega hefur verið tekið í notkun verið í sérstakri hættu. Við innleiðum tæknibreytingar annarra þjóða við þéttingu húsa en gerum ekki sömu kröfur og þær þjóðir um vélræn lofskipti þannig að raunveruleg loftskipti verða tilviljanakennd og mjög breytileg. Hugsanlegur þáttur loftslagsbreytinga hér á landi er einnig ókannaður.

Hugmyndir um vottun aðila sem aðstoða við að greina skemmdir og leggja á ráð um úrbætur er nauðsynleg vegna þess að sú óvissa og úrræðaleysi sem er ríkjandi í þessum efnum leiðir fram einstaklinga og fyrirtæki sem gera sér vanþekkingu fólks að féþúfu. Hins vegar er ljóst að slík ráðgjöf á Íslandi getur ekki verið veitt á grundvelli erlendra þekkingar eingöngu. Slíkir aðilar þurfa að hafa bakland í rannsóknum sem greina vandann og þróa aðferðir sem taka mið af íslensku umhverfi og aðstæðum. Hjá hinum norðurlandþjóðunum hefur verið unnið mikið starf sem við getum haft gagn af og notað sem fyrirmyndir. Sem dæmi má nefna Örebro eyðublaðið sem gagnast við að kanna með kerfisbundnum hætti umfang vandans meðal íbúa og starfsmanna og Smahusskadenämnden í Svíþjóð sem aðstoðað hefur húseigendur sem hafa lent í alvarlegum tjónum.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við fram komna þingsályktunartilögu.

Virðingarfyllst

Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri

Skúli Thoroddsen
lögfræðingur